



Alþingi, nefndasvið
b/t iðnaðarnefndar
Austurstræti 12-14
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 136/377
komudagur 9.12.2008

Ísafirði 9. desember 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kolvetnisstarfsemi, 152. mál

Ofangreint frumvarp barst Fjórðungssambandi Vestfirðinga til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis hinn 3. desember sl. og er umsagnarfrestur veittur til 9. desember.


Fjórðungssambandið fylgdist með framsögu frumvarpsins á Alþingi, að hálfu Iðnaðarráðherra, þann 28. nóvember s.l.. Það vakti athygli Fjórðungssambands Vestfirðinga að í framsögu ráðherra varðandi undirbúning frumvarpsins, mátti skilja að í litlu eða engu, hafi verið skoðuð áhrif þess á hagsmuni sveitarfélaga. Var því vakin athygli Sambands íslenskra sveitarfélaga á þessu atriði og lögfræðingur sambandsins taldi ríka ástæðu til að fylgja því eftir við iðnaðarnefnd og umhverfisnefnd. Í framhaldinu var a.m.k. Sambandi íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtökum sveitarfélaga fengið frumvarpið til umsagnar. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga var í gær 8. desember, kynnt umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og tekur stjórnin undir efnisatriði hennar. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefði talið æskilegt að meiri tími hefði verið gefin til gerðar umsagnar um málið, eða málið tekið upp á fyrri stigum. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vill í þessu sambandi benda á mikilvægi þess að taka verði nú þegar upp að nýju umræðu um lögsögu sveitarfélaga til hafsins. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga sér nú þegar fyrir og vísar einnig til reynslu nágrannalanda að nýting hafsvæða og þá sérstaklega strandsvæða mun fara að stórum vaxandi á næstu árum. Á meðan skipulag á landi er þrætt niður í þaula þá hafa sveitarfélög, samkvæmt laganna hljóðan, engin áhrif á athafnir utan netlagna. Séu þessi mál skoðuð á Vestfirðum, þá er um þriðjungur strandlengju Íslands á því svæði og því augljósir hagsmunir íbúa og sveitarfélaga þeirra. Á þetta hefur stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga bent á í ræðu og riti og í umsögnum um frumvörp á Alþingi, m.a. um fiskeldi.

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur framangreint frumvarp taki í engu til þessara hagsmuna og hvetur Alþingi til að finna aðra lausn á skipulagsmálum vegna kolvetnisstarfsemi en hér er lagt til, t.d. að skilgreina slík svæði sérstaklega. Í framhaldinu verði tekin upp að nýju umræða milli sveitarfélaga og ríkisvalds að fjalla um lögsögu sveitarfélaga til hafsins. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur að í því verkefni verði horft til lagasetningar nágrannaþjóða m.a. í Noregi, en á næsta ári taka þar í gildi endurskoðuð byggingar- og skipulagslög. Í þeim lögum er lögsaga til hafsins afmörkuðu eina sjómílu frá grunnlínupunktum landhelginnar. Telur stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga það ágæta viðmiðun sem útgangspunkt í því máli. Hér má einnig benda á þá nálgun norsku laganna að tekið er til kastanna skipulag, hafsbotns, sjósúlu og hafflatar. Í hnotskurn má segja að hætt er að horfa til hafsins sem veiðilendu, heldur sem akur.

f.h. stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga


Aðalsteinn Oskarsson, framkvæmdastjóri

Afrit:
Umhverfisnefnd Alþingis